

Skipulag næsta tvær vikur frá mánudaginn 23. mars til föstudagsins 3. apríl.

Kennarar og stafs menn skólans hafa staðið í stöngu við að búa til nýtt skipulag fyrir allar nemendur, þar sem öryggið er haft í fyrirrúmi. Metnaðarfull, fagleg vinnubrögð og flott samstaða er í hópnum. Það er mikils virði fyrir okkur öll í Skeiða og Gnúpverjahrepp að hafa gott starfsfólk og foreldra sem vinna með okkur.

Mánudaga verða allir þeir nemendur sem eru í skólanum frá 8:25 til 14:30. Athugið að það er breytt tímasetning og ekki verður skólavist hjá yngri nemendum heldur kennsla.

Hópur 1:

Ásólfsstaðir, Hagi, Ásar, Laxárdalur, Steinsholt, Glóruhlíð, Árneshverfi, Bjarkarlaut, Knarraholt, Hæll, Þrándarholt og Þrándarlundur

Hópur 2:

Brautarholt, Húsatóftir, Hlemmiskeið, Hraunbrún, Birnustaðir, Fjall, Skarð og Sandlækjakot

Mánudagur 23. mars	Þriðjudagur 24. mars	Miðvikudagur 25. mars	Fimmtudagur 26. mars	Föstudagur 27. mars
Hópur 1	Hópur 2	Hópur 1	Hópur 2	Hópur 1

Mánudagur 30. mars	Þriðjudagur 31. mars	Miðvikudagur 1. apríl	Fimmtudagur 2. apríl	Föstudagur 3. apríl
Hópur 2	Hópur 1	Hópur 2	Hópur 1	Hópur 2

Kennslustofur:

Hópnum sem mætir í skólann er skipt í tvo hópa. Yngri nemendum er kennt í Kátalandi og eldri nemendum er kennt í Móalandi.

Þegar nemendur eru heima fá þeir verkefni til þess að leysa. Í eldri deildinni notum við Microsoft Teams í samskiptum við nemendur. Yngri deildin verður með heimavinnubingó og dagbók, þar sem fram koma fyrir mæli frá kennurum.

Frímínútur:

Nemendur eru inni og úti í frímínútum til skiptis, til þess að hóparnir haldist aðskildir. Mikilvægt er að nemendur séu vel klæddir og í skófatnaði sem hæfir veðri. Við munum fara út á hverjum degi og hreyfa okkur.

Mötuneyti:

Nemendur koma með nesti í morgunkaffi en fá áfram hádegismat í Árnosi. Borðað er í tvennu lagi.

Veikindi:

Mælst er til að nemendur sem eru með kvef, hiti eða annað sem svipar til covid-19 einkenna mæti ekki í skólann.

Ef foreldra óskar þess að halda nemendum sínum heima vegna undirliggjandi sjúkdóma hjá nemendum eða áhættu innan fjölskyldunnar verða foreldra að meta það, láta skólann vita og sinna heimakennslu sem kennarar skipuleggja.

Landlækniembættið bjó til upplýsingar fyrir börn, sjá

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item39944/Hallo%20eg%20heiti%20korona.pdf>